

Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

Útgefandi: Árvakur hf., Reykjavík.

Forstjóri: Einar Sigurðsson.

Ritstjóri: Styrmir Gunnarsson.

Fréttarritstjóri: Aðstoðarritstjóri:

Björn Vignir Sigurpálsson. Karl Blöndal.

KJARASAMNINGAR

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, talar skynsamlega um komandi kjarasamninga í samtali við Morgunblaðið í gær. Í til efni af nýlegum ummælum formanns Starfsgreinasambandsins um háar launakröfur af hálfu verkalýðshreyfingarinnar segir Vilhjálmur Egilsson:

„Það hefur verið viðfangsefni allra kjarasamninga að skoða hvernig taxtakkerfið og lágmarkslaun eru að þróast miðað við vinnumarkaðinn almennt. Það eru bara atriði sem við lítum á í samhengi við allt annað. Ég vil ekki tjá mig um kröfur þessara félaga sérstaklega. Þau eiga líka eftir að fara í gegnum mikla vinnu hjá sér og m.a. ræða hvernig verkalýðsfélögin vilja vinna saman. Það er ekki síður í mörg horn að líta hjá þeim en hjá okkur. Verkalýðsfélögin þurfa ekkert síður en við að hugsa um samhengi hlutanna.“

Hér vísar Vilhjálmur Egilsson augljóslega til þess að áratugum saman hefur það verið vandamál innan verkalýðssamtakanna að ná samstöðu um að lægst launaða fólkið fái kjara-bætur umfram aðra í samningum.

Gagnrýni Vilhjálmur Egilssonar á Seðlabankann er athyglisverð. Hann segir:

„Þegar upp er staðið sýnist okkur að verðbólgan án áhrifa af fasteignaverði hafi verið nálægt tveimur og hálfu prósentu síðustu fjögur árin en að verðbólgu umfram það megi skýra

með hækkun fasteignaverðs. Vaxta-stefna Seðlabankans er algerlega vanmegnug að bregðast við hækkun á fasteignaverði.“

Síðan segir Vilhjálmur:

„Meðal þeirra leiða, sem Samtök atvinnulífsins hafa bent á til breytinga á markmiðum um verðlagsþróun er hvort verðbólguþróunin eigi að miðast við vísitölu neyðsluverðs án húsnæðisliðarins, hvort hverfa eigi frá einu ákveðnu tölugildi um verðbólguþróun og hvort ekki sé skynsamlegt að setja takmörk á styrivaxtamun á milli Íslands og annarra landa.“

Nú er það svo að Seðlabanki Íslands er ekki að gera neitt annað en seðlabankar um allan heim eru að gera en vissulega eru aðgerðir þeirra umdeildar víðar en hér. Hins vegar er nokkuð ljóst að ef verðbólguútreikningar yrðu miðaðir við vísitölu neyðsluverðs án húsnæðisliðar mundi það geta haft grundvallaráhrif á þróun kjarasamningaviðræðna og sennilega orðið lykill að lausn þeirra á skynsamlegum nótum.

Forysta Samtaka atvinnulífsins byggir á mikilli þekkingu á gangverki atvinnu- og efnahagslífs. Forysta verkalýðsfélaganna hefur tekið þá hyggilegu ákvörðun að hlusta grannt eftir sjónarmiðum félagsmanna sinna og móta kröfugerð í komandi kjarasamningum á grundvelli þess sem býr í brjósti fólks um land allt.

Með góðum vilja beggja getur tekist að ná þessum samningum.

SÖMU VIÐFANGSEFNIN

Þjóðir Norðurlanda eru að fást við áþekkt viðfangsefni. Í frétt hér í Morgunblaðinu í gær segir m.a.:

„Könnun, sem Aftenposten gerði meðal kjósenda í Ósló, sýnir að þeir leggja mesta áherzlu á öryggi borgaranna og að alls kyns glæpastarfsemi verði upprætt í bænum, einkum í miðborginni. Skólamál og málefni aldraðra eru í öðru og þriðja sæti en umhverfismálin í því fjórða ásamt almenningssamgöngum.“

Ef tekið er mið af fréttum og umræðum frá degi til dags í okkar samfélagi er nokkuð ljóst að viðfangsefnin eru svipuð og í Noregi. Kannski mundu þó heilbrigðismálin vera ofar á blaði hér.

Á forsiðu Morgunblaðsins í gær voru tvær fréttir sem endurspeglu það sem hér er að gerast. Í annarri þeirra var sagt frá því að maður hefði ekið viljandi aftan á annan bíl og síðan gengið í skrokk á farþega hennar. Í hinni að lögreglumenn hefðu stöðvað bíl á Hverfisgötu. Í bílnum var afsöguð, hlaðin haglabýssa, öryggis- ekki á og byssan tilbúin til notkunar.

Fátt hefur verið meira rætt á síðustu dögum og vikum en óðlinn í miðborginni og ljóst að ástandið þar er komið úr böndum með þeim hætti að borgarstjóri og lögreglustjóri eiga engra annarra kosta völ en grípa til mun harðari aðgerða en gert hefur verið hingað til.

Ekki þarf að fjalla um þær miklu

umræður sem hér hafa orðið um umhverfismál á undanförunum misserum en jafnframt er ljóst að samgöngumálin á höfuðborgarsvæðinu eru komin með þeim hætti í miðdepil almanna umræðna að einnig á því sviði hljóta sveitarstjórnarmenn í Reykjavík og nágrannabæjum að taka til hendi.

Í Danmörku fara nú fram svipaðar umræður um launakjör umönnunarstétta og farið hafa fram hér að undanförunum m.a. í kjölfar umhugsunarverðrar greinar eftir Erlend Magnússon, sem sagði það sem aðrir hugsa, að það yrði að hækka laun umönnunarstétta verulega.

Sú staðreynd að sömu mál eru efst á baugi hér og á öðrum Norðurlöndum ætti hins vegar að verða okkur hvatning til að fylgjast með umræðum þar og hvaða leiðir þessar þjóðir fara. Hvernig bregðast t.d. borgaryfirvöld í Ósló við glæpastarfsemi í miðborg borgarinnar? Það getur verið fróðlegt fyrir borgarstjóra og lögreglustjóra að fylgjast með því.

Finna frændþjóðir okkar einhverjar nýjar leiðir til þess að takast á við samgönguvandann í þéttbýlinu? Það getur líka verið gagnlegt fyrir okkur að fylgjast með því. Samgönguvandinn á höfuðborgarsvæðinu er að verða meiri en á landsbyggðinni, þótt hann sé allt annars eðlis. Hann er farinn að hafa áhrif á daglegt líf fólks.

Lognið á undan

■ Yfirlitssýning á verkum Gjöorningaklúbbsins verður
■ Verkin eru frá 11 ára ferli klúbbsins og eru allt í sen

Eftir Jóhann Bjarna Kolbeinsson
jbk@mbl.is

Húsakynni Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu hafa tekið miklum breytingum á undanförunum dögum. Þær Eirún Sigurðardóttir, Jóni Jónsdóttir og Sigrún Hrólfsdóttir hafa lagt húsnæðið undir sig og nú má þar sjá listaverk af ýmsu tagi upp um alla vegg, bæði utan á húsinu, í anddyri þess, á salernum sem og í sölum. Tílefnið er yfirlitssýning Gjöorningaklúbbsins sem opnuð verður í safninu annað kvöld.

Á sýningunni verða sýnd verk frá ellefu ára ferli klúbbsins, auk nokkurra nýrra verka, og eru þau eins ólík og þau eru mörg. Þarna má meðal annars finna ljósmyndir, skulptúra, innsetningar, vefnaðarverk, hljóðverk, myndbandsverk og jafnvel vöndunarhús, lakkris og trampólín. „Fólk tekur virkan þátt í sýningunni með því að hoppa á trampólíni í anddyrinu,“ útskýra stúlkurnar.

Á efri hæð listasafnsins má finna nýjasta tekið á sýningunni. Það nefnist Dynasty og er sambland af ljósmynda- og myndbandsverki.

„Myndirnar eru teknar upp við Vatnsfellsvirkjun þar sem við eigum útilistaverk sem heitir Móðir jörð,“ segir Eirún, en um er að ræða þríhyrning sem myndaður er úr grasþekjum og minnr um margt á risastóran „play“ takka líkt og finna má á myndbandstækjum. Allt í kringum þríhyrninginn er gróðurlaus auðn og pólitískur undirtónn verksins leynir sér ekki.

Stórkostlegt tækifæri

Fjórar ungar stúlkur stofnuðu Gjöorningaklúbbsinn árið 1996 en ein þeirra, Dóra Ísleifsdóttir, sagði skilið við hópin árið 2001. Frá stofnun hefur klúbbsinn haldið yfir 200 sýningar, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, en sýningin í Listasafni Reykjavíkur er fyrsta yfirlitssýningin á verkum hans. „Þegar við urðum tíu ára litum við aðeins til baka, því það er kannski svipuð tímamót og fyrir venjulegan listamann að verða þrjátíu ára,“ segir Jóni. „Það skiptir að visu engu máli að þetta sé eitthvert afmæli, heldur miklu frekar að geta séð þetta allt í samhengi. Það er stórkostlegt að fá tækifæri til þess,“ bætir Sigrún við. „Við höfum líka algjörlega fengið að ráða okkur sjálfar í þessu safni; sýningin er alveg eftir okkar höfði.“

Aðspurðar segja þær að Gjöorningaklúbbsinn hafi vissulega þróast á undanförunum ellefu árum en þó séu ákveðin gildi ávallt í heiðri höfði. „Það kom ákveðið grunnstef strax í byrjun, en auðvitað höfum við lært mjög mikið síðan við byrjuðum,“ segir Sigrún.

Sjón og Björk

Verkin á sýningunni dreifast nokkuð jafnt yfir tímabilið frá 1996 og þar má því finna verk frá fyrstu starfsárum klúbbsins. „Þau endast hins vegar mjög vel. Við höfum meira að segja orðið svoltíð hissa á því núna, þegar við höfum verið að setja sýninguna upp, hvað þau lifa góðu lífi,“ segja þær. „Það var reyndar eitt verk sem mér fannst kannski svoltíð hlægilegt, en maður vill auðvitað ekkert vera að tala illa um það,“ segir Eirún.

Þær stölluð þurftu þó að velja og hafna þegar þær völdu verk á sýninguna og eðlilega fengu ekki öll verk að fljóta með. Þær segja að sýningin gæti því jafnvel heitið „Greatest hits“. „Þetta er eins og safnplata, allavega eins og við litum á þetta núna. En ef við myndum skoða verkin aftur eftir önnur tíu ár myndum við kannski velja eitthvað allt annað til að sýna.“

Listasafn Reykjavíkur gefur út



Feministar „Við erum náttúrlega konur og erum því ósjálfrátt t...

Framtíðin í D-salnu

AUK Gjöorningaklúbbsins mun Jóhannes Atli Hinriksson opna sýningu í Hafnarhúsinu á morgun, en hann mun sýna innsetningar í D-sal safnsins. D er ný sýningaröð í Hafnarhúsinu sem nefnd er eftir D-salnu og er hugsið sem framtíðarverkefni safnsins. Með henni vill Listasafn Reykjavíkur vekja athygli á efnilegum myndlistarmönnum sem ekki hafa áður haldið einkasýningu í stærri söfnun landsins. Listamennirnir vinna allir ný verk fyrir salinn og í lok hvers árs verður sýningunum fylgt eftir með útgáfu sýningararskrár. Sýningararnar eru skipulagðar af sýningarstjórn Listasafns Reykjavíkur.

Jóhannes Atli hefur getið sér orð fyrir kraftmiklar innsetningar úr grófum og ódýrum efnun.



Gaddavirshjálmur Eitt v...
hannesar Atla á sýningunni

Hann útskrifaðist með BA...
frá Listaháskóla Íslands á...
og með MFA-gráðu frá School of Visual Arts í New York á...

veglega bók um Gjöorningaklúbbsinn samhliða sýningunni, með góðri aðstoð frá Glitni. Bókin er 130 síður og í henni má finna mikinn fjölda ljósmynda, auk þess sem 23 vinir og kunningjar klúbbsins voru fengnir til að skrifa minningarbrott. Meðal þeirra sem skrifuðu í bókina eru Sjón, Björk Guðmundsdóttir og Ragnar Kjartansson, en höfundar fengu mjög frjálshand hendur hvað efnistöð varðaði.

Strangar reglur

Í formála að bókinni segir Hafþór Yngvason safnstjóri meðal annars: „Verk Gjöorningaklúbbsins eru ávallt skemmtileg og ógrandi, full af speglum, silki, kossunum, ánægju, fegurð og ást.“ En hvað telja þær sjálfar að einkenni verk klúbbsins öðru fremur?

„Gleði og litadýrd,“ svarar Sigrún. „Svo er líka tímabil hjá okkur þar sem við erum að reyna að skilja óskiljanlega hluti, eins og það sem maður sér ekki,“ bætir Eirún við. „Þetta er mikil vinátta sem hefur orðið ótrúlega sterk yfir allan þennan tíma. Það er mikilvægt að læra að þekkja aðrar manneskjur, tala við þær og reyna að ná árangri saman. Það finnst mér einkenna okkur,“ segir Sigrún.

Þá má sjá ákaflega pólitískan undirtón í mörgum verkum hópsins. „Við erum náttúrlega konur og erum því ósjálfrátt tengdar við kvennabarátu. Og auðvitað hefur maður pólitískar skoðanir,“ segir Jóni. „Við höfum líka tekið þátt í tónleikum þar sem verið er að berjast gegn ákveðnum virkjanafra-

kvæmdum. Við erum hið ekkert á móti virkjunum, spurning um hversu stórt virkja, hvar og hvernig þau Maður stendur bara með sínu.“

Þá hefur það eðlilega m... á verk Gjöorningaklúbbsins er eingöngu skipaður og aldreif hefur komið til g... taka karlmann inn í hópi... var reyndar aldreif nein... þetta byrjaði allt saman... lífrænum hætti,“ segir E... bætir við að þær hafi vissu... ið með karlmönnum, tí... Ragnar Kjartanssyni. „E... reyndar mjög strangar... það getur enginn gengið í... hvorki karl né kona.“

Horft til formæðra

Þegar titið er yfir ferli... athygli að Gjöorningakl... hefur unnið töluvert me... íslensk minni, svo sem sa... hekl og jafnvel kökubaks... horfum svoltíð til formæ... „sammælast þær um...“ þetta bara spurning um ef... fáum einhverja hugmynd... við kannski að hekla hana... notum þær aðferðir sem... um. Það er ekki sjálf e... gerir hlutina listræna, hel... ferð höfundarinn á því.“

Þá segja þær að hið for... lega handverk hafi líkle... verið almennilega víðurk... listform, og þær séu því... leyti að reyna að breyta... kannski hluti af þessu ó... gegnum aldirnar, að það sé